

BLÁA LÓNID HF.

BLUE LAGOON
ICELAND

ÁRSSKÝRSLA 2014

Aðalfundur 16. júní 2015

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	4
Ávarp forstjóra	6
Stjórn og stjórnskipulag	8
Stækkun upplifunarsvæðis og nýtt lúxushótel	10
Bláa Lónið	14
Veitingar	16
Blue Lagoon verlanir	20
Blue Lagoon húðvörur	22
Lækningalind	24
Fjármálasvið	26
Auðlindagarðurinn	28
Rannsóknir og þróun	30
Markaðsmál	34
Almannatengsl	39
Nýtt myndmerki	40
Samfélagsverkefni	42
Umhverfismál	46
Mannauður	48
Viðburðir	50
Ársreikningur	54





ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Ágætu hluthafar

Árið 2014 var enn eitt uppgangsárið í starfsemi Bláa Lónsins hf. Félagið hefur átt velgengni að fagna hin síðari ár eftir langt mótunar- og þróunarskeið sem kallaði á þolinmæði og einbeittan vilja stjórnenda, starfsmanna og hluthafa. Umfang starfseminnar hefur aukist þannig að Bláa Lónið hf. stendur enn á ný á tímamótum þegar ákveðið hefur verið að ráðast í miklar fjárfestingar og framkvæmdir til þess að halda áfram markvissri uppbyggingu og þróun félagsins.

Öll fyrri met féllu hjá Bláa Lóninu hf. á síðasta ári. Gestafjöldinn var 766 þúsund og jókst um 18% milli ára. Rekstrartekjur jukust um 25% á árinu 2014 í evrum talið, rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði óx um 31% og hagnaður eftir skatta nam 11,6 milljónum evra eða 1.800 milljónum króna. Það er 40% aukning frá árinu á undan, sem þó var metár.

Sá mikli vöxtur umsvifa sem einkennt hefur starfsemi félagsins frá árinu 2011 hefur leitt til þess að stjórn félagsins hefur tekið ákvarðanir um stækkun upplifunarsvæðisins og ákveðið að ráðast í byggingu nýs lúxus hótels sem mun mæta þörfum þeirra viðskiptavina sem leita eftir miklum gæðum. Um milljarðaframkvæmdir er að ræða en góð afkoma og traustur rekstur undanfarinna ára gerir það að verkum að stjórn og forstjóri félagsins meta aðstæður þannig að þessi djarfa ákvörðun sé rétt og viðráðanleg.

Framkvæmdir eru þegar hafnar og áætlað er að þeim ljúki vorið 2017 með opnun nýja hótelsins. Jarðvegsframkvæmdir stóðu yfir nú í vetur og bygging mannvirkja er að hefjast. Byggingarfyrirtækið Jáverk átti lægsta tilboð í verkið. Verksamningur var undirritaður þann 9. apríl sl. af Gylfa Gíslasyni, framkvæmdastjóra Jáverks og Grími Sæmundsen, forstjóra Bláa Lónsins.

Starfsemi félagsins gekk vel í öllum deildum á síðasta ári ekki síst fyrir mikla samheldni starfsfólks og stjórnenda. Á síðasta ári var meðalfjöldi starfsmanna 256. Mikil áhersla hefur verið lögð á að efla starfsanda og auka þekkingu og reynslu starfsfólks Bláa Lónsins hf. Margir starfsmannanna eiga langan starfsaldur að baki hjá félaginu og sífellt bætast við nýir starfsmenn vegna vaxandi umsvifa. Bakgrunnur fólksins er fjölbreyttur. Meðal starfsmanna eru iðnaðarmenn, tæknifræðingar, verkfræðingar, hjúkrunarfræðingar, leikarar, lyfjafræðingar, matreiðslumenn, framreiðslufólk, verkamenn, efnafræðingar, viðskiptafræðingar, fjölmiðlafræðingar, skrifstofumenn, snyrtifræðingar, ferðamálafræðingar og læknar.

Samstaða og öflug liðsheild eru einkennandi hjá Bláa Lóninu hf. Gildir það jafnt um samstarf starfsmanna, daglegra stjórnenda og stjórnar félagsins sem starfar í umboði hluthafanna. Fyrir hönd stjórnar félagsins færi ég öllum bestu þakkir fyrir vel unnin og farsæl störf.

Helgi Magnússon, stjórnarformaður.

ÁVARP FORSTJÓRA

Ágætu hluthafar.

Óhætt er að segja, að ferðaþjónusta hafi sprottið fram sem burðarátvinnugrein í íslensku þjóðlífi á örfáum árum. Hún er nú stærsta gjaldeyrisskapandi atvinnugrein þjóðarinnar, stærri en sjávarútvegur og stóriðja.

Ljóst er, að eigi ferðaþjónustan að þróast áfram, verðum við að huga enn frekar að verndun þeirrar auðlindar, sem býr í náttúru Íslands og að standa vörð um upplifun þeirra gesta, sem sækja Ísland heim á ári hverju. Gott orðspor Íslands sem áfangastaðar fyrir erlenda ferðamenn verður æ veigameiri þáttur í vexti greinarinnar og sjálfbær nýting náttúrunnar er mikilvægur hluti þess orðspors.

Starfsemi Bláa Lónsins hefur vaxið með ferðaþjónustunni á undanförnum árum. Árið 2014 var enn eitt metárið í starfsemi félagsins. Að undanfögnu hefur fyrirtækið tekið mikilvæg skref, sem miða að því að stýra aðsókn og fjölda gesta innan dagsins og standa vörð um verðmæta upplifun gesta Bláa Lónsins. Við munum halda áfram á þeirri braut, en Bláa Lónið hefur verið í forystuhlutverki íslenskrar ferðaþjónustu hvað varðar uppbyggingu þjónustuinnviða, verðlagningu á grunni gæða upplifunar, aukningu tekna af hverjum gesti, aðgangsstjórnun og fleiri mikilvæg verkefni, sem munu verða leiðarljós greinarinnar til framtíðar.

Nýtt uppbyggingarskeið Bláa Lónsins er nú hafið. Upplifunarsvæði Bláa Lónsins verður stækkað um helming, nýtt spa upplifunarsvæði verður byggt inn í hraunið og nýtt 60 herbergja lúxus hótél verður byggt. Með uppbyggingunni tekur Bláa Lónið mikilvæg skref í að þjónusta ferðamenn sem leita eftir miklum gæðum. Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nemur 6 milljörðum króna með virðisaukaskatti. Framkvæmdir við stækkun Lækningalindar standa einnig yfir og mun hótélherbergjum Lækningalindar fjölga úr 15 í 35 um mitt ár 2015.

Blue Lagoon er stærsta íslenska húðvörumerkið. Vörulínan hefur vaxið jafnt og þétt frá því fyrstu vörurnar voru settar á markað árið 1995 og eru sérverslanir Bláa Lónsins mikilvægustu útsölustaðir varanna. Nýr samningur um verslunarsvæði Bláa Lónsins í flugstöðinni var undirritaður s.l. vetur og hefur verslunin verið endurgerð. Áhersla er á að gestir verslunarinnar upplifi tengingu við Bláa Lónið og uppruna Blue Lagoon húðvaranna.

Vörumerki (brand) Bláa Lónsins – BLUE LAGOON ICELAND – er ein verðmætasta óefnislegasta eign fyrirtækisins. Á undanfögnu tveimur áratugum hefur myndmerki (logo) félagsins þróast í takt við starfsemi þess, þar sem sífellt er lögð meiri áhersla á gæði. Nýtt myndmerki Bláa Lónsins hefur nú litið dagsins ljós. Helsta breytingin er sú að meiri áhersla er á Blue Lagoon hluta merkisins og minni áhersla á Iceland.

Bláa Lónið vann í samstarfi við HS Orku hf og GAMMA ráðgjöf að gerð skýrslu um efnahagsleg áhrif auðlindagarðsins á Reykjanesi. Auðlindagarðurinn vísar til þeirra fyrirtækja, sem starfa á svæðinu og nýta auðlindastrauma frá jarðvarmaveri HS Orku hf. Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á efnahagsleg áhrif auðlindagarðsins og fyrirtækjanna, sem starfa innan hans. Í dag er Bláa Lónið það fyrirtæki innan auðlindagarðsins, sem nýtir flesta auðlindastrauma og skapar langflest störf innan hans.

Á síðasta ári fékk Bláa Lónið útgefið einkaleyfi í Bandaríkjunum á snyrtivörum og lyfjum með sérstökum blágrænþörungum, samsvarandi einkaleyfi hefur nú verið samþykkt hjá Evrópsku einkaleyfastofunni. Bláa Lónið er fyrirtæki, sem mun halda áfram á braut uppbyggingar á grunni þekkingar, vísinda og hönnunar við að skapa verðmæti samfélaginu til heilla.

Grímur Sæmundsen, forstjóri.




STJÓRN BLÁA LÓNSINS 2014



F.v. Helgi Magnússon, formaður stjórnar, Anna Skúladóttir, meðstjórnandi, Bergrún Björnsdóttir, varamaður, Edvard Júlíusson, varaformaður, Guðrún Hafsteinsdóttir, meðstjórnandi, Úlfar Steindórsson, varamaður og Ásgeir Margeirsson, meðstjórnandi.

STJÓRNSKIPULAG BLÁA LÓNSINS 2014



STÆKKUN UPPLIFUNARSVÆÐIS OG NÝTT LÚXUS HÓTEL

Framkvæmdir eru hafnar við stækkun upplifunarsvæðis Bláa Lónsins og byggingu nýs lúxus hótels. Framkvæmdir hófust þann 9. desember 2014, með táknrænni athöfn í hrauninu suðvestur af lóninu þar sem Edvard Júlíusson, stofnandi og varaformaður stjórnar Bláa Lónsins, og Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra lyftu fyrstu hraunhellunni.





▲ Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins, og Gylfi Gíslason, framkvæmdastjóri Jáverks, handsala verksamning um stækkun upplifunarsvæðis og byggingu nýs hótels.

▼ Fulltrúar Bláa Lónsins og verktaka á athafnasvæði nýframkvæmda. Á myndinni eru: Brynjólfur Guðmundsson, Jóhannes Benediktsson, Hartmann Kárason, Heimir Rafn Bjarkason, Guðmundur Gunnarsson og Gylfi Gíslason.



Með tilkomu nýs lúxus hótels Bláa Lónsins verður fyrsta flokks gisting hluti af upplifun gesta sem heimsækja Bláa Lónið. Í hótelinu er gert ráð fyrir 60 herbergjum, fundarsal og veitingastað. Stækkun og endurhönnun núverandi lónssvæðis er mikilvægur þáttur uppbyggingarinnar, en lónið sjálft verður stækkað um helming. Ný aðstaða verður byggð fyrir spa meðferðir sem veittar eru ofan í lóninu, auk þess sem nýtt spa upplifunarsvæði verður byggt inn í hraunið vestur af núverandi lóni og mun það tengja saman núverandi lón og hótelið.

Áætlað er að framkvæmdum ljúki árið 2017.

150 störf á framkvæmdatíma

Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna nemur 6 milljörðum króna með vsk. Mannvirki Bláa Lónsins munu tvöfaldast að stærð. Heildarstækkun á núverandi- og nýju upplifunarsvæði ásamt hóteli nemur um 10.000 fm. Á framkvæmdatíma, sem áætlað er að verði tvö ár, munu 150 manns vinna við framkvæmdirnar.

Eitt hundrað ný störf í ferðaþjónustu

Gert er ráð fyrir 100 nýjum störfum í tengslum við nýtt lúxus hótél og stækkun upplifunarsvæðis Bláa Lónsins. Mun hluti starfsfólks hefja störf á framkvæmdatíma. Störfin verða fjölbreytt, en eins og önnur störf hjá fyrirtækinu munu þau miða að því að veita gestum Bláa Lónsins góða og fágaða þjónustu. Hluti starfanna sem verður til við stækkunina mun kalla á háskóla- og iðnmenntað fólk og starfsmenn með sérþekkingu á sviði heilsu- og vellíðunar. Hjá Bláa Lóninu starfa um 300 starfsmenn á ársgrunni. Að framkvæmdum loknum er gert ráð fyrir því að heildarstarfsmannafjöldi verði 400.



▲ Stafræn túlkun á því sem koma skal. Mynd: Design Group Italia.

Hönnun og arkitektúr

Sigríður Sigþórsdóttir, hjá Basalt arkitektum, er aðalhönnuður verkefnisins, en hún er arkitekt allra mannvirkja Bláa Lónsins. Sigríður hefur starfað með Bláa Lóninu í tæplega tvo áratugi eða allt frá því að undirbúningur að núverandi mannvirkjum hófst um miðjan tíunda áratuginn.

Hönnun Sigríðar fyrir Bláa Lónið hefur vakið athygli hér heima og erlendis, ekki hvað síst fyrir samspil hins manngerða og náttúrulega umhverfis.

„Byggingar Bláa Lónsins eru hraunbúar. Þær eru byggðar inn í hraunið, taka upp drætti og form úr náttúru staðarins. Nýjasti áfanginn er þar engin undantekning,“ segir Sigríður.

Upplifunarhönnun er órjúfanlegur þáttur af hönnun Bláa Lónsins og hefur teymi starfsfólks Bláa Lónsins ásamt Sigurði Þorsteinssyni og fyrirtæki hans Design Group Italia, unnið að þeim þætti hönnunarinnar. Sigurður, sem er búsettur í Mílanó á Ítalíu hefur unnið með Bláa Lóninu undanfarin tuttugu ár og stýrt þróun vörumerkis, ímyndar og upplifunar í samvinnu við stjórnendur Bláa Lónsins.



BLÁA LÓNIÐ

Bláa Lónið er leiðandi fyrirtæki í íslenski ferðapjónustu. Á undanförunum árum hefur heimsóknunum í Bláa Lónið fjölgað umtalsvert, einkum utan háannatímans. Á árinu 2014 voru heimsóknir í Bláa Lónið 766.000. Markmið Bláa Lónsins er þó ekki að fjölga gestum heldur að hámarka upplifun gesta. Liður í þessu er að hvetja gesti til að bóka heimsókn sína fyrirfram. Stöðug þróun á sér stað á vöru- og þjónustuframboði.

Verkefni sem miðar að því að stýra dreifingu gesta innan dagsins hefur verið hleypt af stokkunum. Verkefnið miðar að því að móttaka gesta sé eins jöfn og mögulegt er yfir hverja klukkustund. Verkefnið sem unnið er í samvinnu við samstarfsaðila Bláa Lónsins í ferðapjónustu hefur gengið vonum framar. Fjöldi þeirra sem bóka heimsókn sína í gegnum vefbókunarkerfi Bláa Lónsins vex einnig jafnt og þétt. Gestir velja og greiða fyrir þjónustu sína og eiga pantaðan tíma í Bláa Lóninu. Þegar ofan í Lónið er komið geta gestir notið sín í þann tíma sem þeir kjósa.

VEITINGAR



Mikill vöxtur hefur verið á veitingasviði Bláa Lónsins. Sú áhersla sem hefur verið lögð á uppbyggingu sviðsins undanfarin ár hefur skilað þeim árangri sem stefnt var að. LAVA hefur skapað sér sess sem einn besti veitingastaður landsins. Frumkvæði og fagmennska einkenna starfsemi sviðsins.



Matarkistan Reykjanes. Mynd: Snorri Gunnarsson

Matarkistan Reykjanes

Áhersla er lögð á að nýta sem mest af hráefni úr nærumhverfinu, matarkistunni Reykjanesi. Daglega fær LAVA ferskan fisk beint frá höfninni í Grindavík og er vinsælasti rétturinn á matseðlinum fiskur dagsins.

Gæði íslenskrar matargerðar hafa vakið athygli hér heima og erlendis. Íslensk matarupplifun þar sem saman fara hágæða hráefni og fagmennska matreiðslu- og framreiðslufólks er mikilvægur þáttur Íslandsheimsóknar þeirra erlendu ferðamanna er sækja okkur heim.



Hjá Bláa Lóninu starfa nú 10 faglærðir matreiðslumenn, 14 matreiðslunemar, 8 faglærðir framreiðslumenn og 4 framreiðslunemar. Bláa Lónið telur það mjög mikilvægt að mennta matreiðslu- og framreiðslufólk framtíðarinnar.

Íslenskur matur og matargerð gegna veigamiklu hlutverki í landkynningarstarfi. Matreiðslumeistarar Bláa Lónsins hafa meðal annars tekið þátt og eldað fyrir kynningarviðburði Iceland Naturally í Bandaríkjunum.

BLUE LAGOON VERSLANIR

Bláa Lónið tók þátt í forvali vegna verslunarrýmis í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og tókust samningar um rými fyrir Blue Lagoon verslun í flugstöðinni. Hönnun hinnar nýju verslunar var í höndum ítalska hönnunarfyrirtækisins Design Group Italia og tekur hönnunin mið af náttúrulegu umhverfi Bláa Lónsins. Áhersla er lögð á

að gestir verslunarinnar upplifi tengingu við Bláa Lónið og uppruna Blue Lagoon húðvaranna. Í versluninni er húðvörubar þar sem gestir geta prófað og fræðst um húðvörurnar. Þá geta viðskiptavinir einnig tekið húðpróf hannað af Bláa Lóninu sem færir þá nær því hvaða húðvörur henta þeirra húðgerð.

Verslun Bláa Lónsins að Laugavegi 15 í Reykjavík er mikilvæg þjónusta við ferðamenn sem vilja kaupa vörur Bláa Lónsins í höfuðborginni. Í versluninni fara einnig fram kynningar fyrir innlenda hópa og fengu vinkonukvöld sem haldin voru í versluninni sl. haust góðar viðtökur á meðal íslenskra kvenna.



Húðvörulína Bláa Lónsins er breið og hefur mikil vöruþróun átt sér stað á undanförunum árum.

BLUE LAGOON HÚÐVÖRUR



Nýr Blue Lagoon varasalvi leit dagsins ljós árið 2014. Varan sló strax í gegn á meðal viðskiptavina.

Nýtt Blue Lagoon ilmkerti var kynnt til sögunnar í upphafi árs. Ilmur kertisins er Blue Lagoon ilmurinn sem er svo einkennandi fyrir vörur Bláa Lónsins. Hann ber með sér hreinleika og hlýleika og er tilvalinn til að skapa notalega stemningu heima fyrir. Ilmkertin eru jafnframt fyrsta varan til að skarta nýju myndmerki Bláa Lónsins.

LÆKNINGALIND

Núverandi bygging

Nýbygging

Garður

Aðalinngangur

Núverandi bygging

Nýbygging

Framkvæmdir við stækkun Lækningalindarinnar hófust árið 2014 og verður þeim lokið um mitt ár 2015.

Tuttugu ný herbergi bætast við og með stækkuninni verða 35 herbergi í boði. Eldri herbergi og sameiginleg rými verða einnig endurgerð. Mjög góð nýting hefur verið á hótélherbergjum Lækningalindarinnar og eru nýju herbergin kærkomin viðbót. Herbergin eru rúmgóð og björt. Útsýni út á hraunbreiðuna sem umlykur staðinn er úr öllum herbergjum.

Bláa Lónið hefur lagt áherslu á að skerða ekki þjónustu til psoriasis sjúklinga þrátt fyrir skert framlög frá heilbrigðisyfirvöldum.

Meðferðin sjálf hefur verið þróuð og fara flest allir sjúklingar í gegnum meðferð sem veitir sambærilegan árangur á skemmri tíma en hin hefðbundna meðferð sem tekur 3-4 vikur. Flestir sjúklinganna fara í 12 skipta meðferð sem er einstaklingsbundin og felur jafnan í sér böðun í Bláa Lóninu, UVB ljósmeðferð og notkun Blue Lagoon húðvara. Hið breytta fyrirkomulag hefur gefið góða raun og hefur almenn ánægja verið hjá starfsfólki og sjúklingum.

Meðferðin er sótt af bæði innlendum og erlendum meðferðargestum. Á árinu 2014 komu meðferðargestir m.a. frá Þýskalandi, Kanada, Hollandi, Mónakó, Rússlandi, Bandaríkjunum og Japan.



FJÁRMÁLASVIÐ

Fjármálasvið samanstendur af reikningshaldi og fjárstýringu, vörustýringu og upplýsingatæknideild.

Hlutverk fjármálasviðs er að leita leiða til að hámarka afkomu fyrirtækisins og tryggja að stjórnendur hafi aðgang að réttum upplýsingum á réttum tíma til að auðvelda ákvarðanatöku. Helstu verkefni fela meðal annars í sér umsjón með uppgjörum, bókhaldi, áætlanagerð, fjárreiðum, skýrslugerð og öðru skrifstofuhaldi.

Starfsemi sviðsins nær einnig yfir innkaup og samningagerð við birgja vegna hráefna og önnur innkaup eins og á tækjabúnaði og rekstrarvörum.

Vörustýringarhlutinn heldur utan um innkaupaáætlanir og birgðastýringu Blue Lagoon húðvara og sér auk þess um samninga vegna fraktflutninga og samskipti við vöruhús erlendis. Bláa Lónið er með vöruhús í Hollandi og í Bandaríkjunum.

Upplýsingatæknideild sér um rekstur upplýsingatæknikerfa og notendabúnaðar auk innleiðingar og þróunar á nýjum hugbúnaði. Enn fremur hefur sviðið með höndum innkaup og uppsetningu hug- og vélbúnaðar og veitir kennslu, þjálfun og aðra notendabjónustu. Vöxtur hefur verið í þessum þætti starfseminnar að undanförunu og snerta upplýsingatæknimál flesta þætti í starfsemi Bláa Lónsins.

AUÐLINDAGARÐURINN

Auðlindagarðurinn á Reykjanesi vísar til þeirra fyrirtækja sem starfa á Reykjaneskaganum og nýta auðlindastrauma frá jarðvarmaveri HS Orku hf. Bláa Lónið ásamt HS Orku stóð fyrir gerð skýrslu um efnahagsleg áhrif Auðlindagarðsins.

Niðurstöður skýrslunnar sem unnin var af Gamma ráðgjöf voru kynntar á ráðstefnu sem haldin var í Hörpu fimmtudaginn 28. maí.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson ávarpaði ráðstefnugesti. Í ávarpi sínu sagði hann meðal annars: „Auðlindagarðurinn mun verða eitt það merkilegasta sem Íslendingar munu leggja til heimsbyggðarinnar á þessari öld.“ Ólafur sagði einnig að garðurinn ætti að vera líkt og Bláa Lónið í heild sinni og geta tekið á móti einni milljón ferðamanna. „Heimsbyggðin hefur áhuga á því að sjá ekki bara Þingvelli og Geysi, heldur einnig veruleika hinnar hreinu orku.“

Um 500 manns starfa nú í Auðlindagarðinum og um 600 afleidd störf má rekja til hans. Tekjur garðsins námu um 20,5 milljörðum króna árið 2013 eða um 1% af vergri landsframleiðslu.

Bláa Lónið er eitt besta dæmið um fyrirtæki í Auðlindagarðinum sem byggir starfsemi sína á nálægð við jarðvarmaorkuver HS Orku í Svartsengi og nýtingu einstakra auðlindastrauma. Bláa Lónið er jafnframt það fyrirtæki innan Auðlindagarðsins sem nýtir flesta auðlindastrauma og eru þeir grunnur að fjölpætri vöru og þjónustu þess.





RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Markmið rannsókn- og þróunarviðs er að stunda hagnýtar rannsóknir á náttúruauðlindinni og þróa nýjar vörur og þjónustu er byggja á þeim. Sviðið annast einnig framleiðslu Blue Lagoon hráefna og húðvara.

Einkaleyfi samþykkt í Evrópu

Á síðasta ári fékk Bláa Lónið útgefið einkaleyfi í Bandaríkjunum á snyrtivörum og lyfjum með sérstökum blágrænþörungum. Samsvarandi einkaleyfi hefur nú verið samþykkt hjá Evrópsku einkaleyfastofunni.

Vísindagrein birt í Immunology Letters

Bláa Lónið í samvinnu við lyfjafræðideild Háskóla Íslands og Ónæmisfræðideild Landspítala vinnur að rannsóknum á bólguefnum virkni fjölsykra úr blágrænþörungum Bláa Lónsins. Fyrstu niðurstöður rannsóknanna voru birtar á árinu í vísindaritinu Immunology Letters.

Doktors- og mastersnemar

Tveir doktorsnemar og tveir mastersnemar vinna nú að rannsóknaverkefnum sínum við þróunarsetur Bláa Lónsins. Jenna Huld Eysteinsdóttir lækni hefur

undanfarin sjö ár unnið að rannsóknum á virkni Bláa Lóns psoriasismeðferðarinnar og eru þær hluti af doktorsverkefni hennar við læknadeild Háskóla Íslands. Hún stefnir að því að verja verkefni sitt í byrjun árs 2016. Ása Bryndís Guðmundsdóttir lyfjafræðingur vinnur að rannsóknum á lífvirkum efnum úr blágrænþörungum Bláa Lónsins og eru þær hluti af doktorsverkefni hennar við lyfjafræðideild Háskóla Íslands. Þá vinna tveir mastersnemar í verkfræði við Háskólann í Reykjavík að rannsóknum á vinnslu lípíða úr blágrænþörungum Bláa Lónsins.

Rannsóknasamstarf

Bláa Lónið vinnur að rannsókn- og þróunarverkefnum með sérfræðingum hér heima og erlendis á ýmsum sviðum. Sem dæmi þá starfar Prof. Jean Krutmann, húðlæknir og sérfræðingur í áhrifum umhverfis á öldrun húðarinnar sem rannsóknaráðgjafi hjá Bláa Lóninu. Hann er rannsóknastjóri hjá Leibniz Research Institute for Environmental Medicine Environ.

Fabienne Bresdin, „cosmetic scientist“, eigandi franska fyrirtækisins Beauty Tags vinnur sem ráðgjafi fyrir Bláa Lónið í vöruþróun og framleiðslu húðvara.

Sérstök vísindanefnd er starfandi hjá Bláa Lóninu og er hún ráðgefandi varðandi rannsókn- og þróunarverkefni. Í vísindanefndinni eru húðlæknarnir Bárður Sigurgeirsson, Jón Hjaltalín Ólafsson og Steingrímur Davíðsson, Ingileif Jónsdóttir doktor í ónæmisfræði og Ása Brynjólfssdóttir, lyfjafræðingur og rannsókn- og þróunarstjóri Bláa Lónsins.

Þá er Bláa Lónið í nánu rannsóknasamstarfi við sérfræðinga á rannsóknastofu í ónæmisfræði á Landspítalanum, við lyfjafræðideild Háskóla Íslands og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík.

Vöruþróun

Þróun nýrra húðvara er stór þáttur í starfsemi rannsókn- og þróunardeildar Bláa Lónsins. Nýjar vörur sem komu á markað á árinu eru Rich Nourishing Lip Balm, Algae Mask Ice Cube og Spa Candle. Fjöldi nýrra vara er væntanlegur á næstu mánuðum auk þess sem unnið er að breytingum á öllum umbúðum.

Framleiðsla

Í hráefnavinnslu Bláa Lónsins fer fram vinnsla á virkum efnum jarðsjávarins; kísil, söltum og þörungum til nota í húð- og heilsuvörur fyrirtækisins. Vinnsluferlar eru sjálfbærir og umhverfisvænir. Hráefnavinnslan er gott dæmi um nýtingu hinna ýmsu auðlindastrauma frá jarðvarmavirkjun. Í vinnslunni er jarðsjórinn nýttur, heit gufa til saltframleiðslu, útblástursgas til að fódra þörungum auk þess sem rafmagn, heitt og kalt vatn er nýtt.

Kísilframleiðsla: Ný og stærri kísilþró hefur verið tekin í notkun og gert er ráð fyrir að hún muni skila fimmföldum afköstum. Árleg kísilframleiðsla til nota í Bláa Lóninu, í Lækningalind og í húðvörur Bláa Lónsins nemur 80 tonnum.

Saltframleiðsla: Bláa Lóns salt er eitt af lykilefnum í Blue Lagoon húðvörulínunni. Til viðbótar við þá framleiðslu sem nú er þá er unnið að því að hefja framleiðslu á matarsalti úr jarðsjónum, en nokkrar tilraunaframleiðslur hafa þegar verið gerðar.

Þörungaframleiðsla: Útblástursgas (CO₂) frá orkuveri HS Orku er nýtt sem fódur í þörungaræktun Bláa Lónsins. Þetta er fyrsta heila árið sem framleiðslan hefur eingöngu verið keyrð á útblástursgasi.

Framleiðsla húðvara Bláa Lónsins fylgir evrópskum gæðastöðlum og eru framleiddar í ISO-vottuðu umhverfi. Framleiðslan fer fram á Íslandi, í Danmörku og í Frakklandi.



▲ Nýjar húðvörur eru á leiðinni á markað og unnið er að því að breyta um útlit á öllum umbúðum.



▼ Ný og stærri kísilþró var tekin í notkun í apríl 2015.




Virku efnin sem gera Blue Lagoon húðvörurnar svo einstakar, kísill, jarðsjávarsölt og þörungar.



MARKAÐSMÁL



Ný sjónvarpsauglýsing *Fegurðin kemur að innan* var sett í loftið á haustdögum 2014. Í auglýsingunni er áhersla lögð á tengsl Bláa Lónsins við jarðvarmaauðlindina.



Fegurðin kemur að innan

BLUE LAGOON
REINARÓ

skin care



Þörungamaski

Algae Mask

Blue Lagoon þörungamaskinn hefur að geyma tvær afar sjaldgæfar tegundir þörungum sem vinna gegn öldrun húðarinnar með því að viðhalda kollagen framleiðslu hennar.

www.bluelagoon.is



Einstakur jarðbjör Bláa Lónsins kemur af 2.000 metra dýpi og á forðalagi sínu í gegnum jarðlög bláskata hennar kíl, þörungum og steinsíum. Bláa lónið er eitt af öndrum verulíkum og vísindamenn óttast hafa stórkæm rannsóknir og þróunarmáttur í drátt. Blue Lagoon húðvörðunin er afurð þessarar rannsóknarvinnu og styrkir efna varmarlag húðarinnar. Þessar vörur eru þó gitt að tímalæsi fegurð, heilbrigði og vellíðan.

Einstakt samspil náttúru og vísinda

Fegurðin kemur að innan

Verndun upplifunar

Áhersla er einnig á þróun kynningarefnis sem miðar að því að vernda upplifun gesta Bláa Lónsins með því að beina þeim skilaboðum til viðskiptavina að bóka heimsókn sína fyrirfram.


Sýningar

Þátttaka í sýningum og kynningarviðburðum innanlands og erlendis er stór þáttur í kynningarstarfi Bláa Lónsins. Áhersla hefur verið lögð á þátttöku í sýningum sem eru sniðnar að ráðstefnu- og hvataferðahópum. Bláa Lónið er aðili að verkefninu Meet in Reykjavík, en starfsemi þess snýst um að markaðssetja Reykjavík og nágrenni sem ráðstefnu-, funda-, hvataferða- og viðburðaborg. Sérstök áhersla er á sýningar og kynningarviðburði er snúa að lúxus ferðabjónustu þar sem höfðað er til ferðamanna sem leita eftir miklum gæðum.

Vefsvæði

Vefsvæði Bláa Lónsins er einn mikilvægasti snertiflötur fyrirtækisins við viðskiptavini. Á árinu 2014 skoðuðu 1.250.000 einstakir notendur bluelagoon.com borið saman við rétt rúmlega 1.000.000 á árinu 2013.

Vefsvæðið er í stöðugri þróun með það að markmiði að þjóna notendum ávallt sem best á hverjum tíma. Mikilvægt er að notendur geti fundið upplýsingar fljótt og vel. Bókunarhluti vefsvæðisins gegnir sífellt stærra hlutverki. Viðskiptavinir geta nú bókað heimsókn í Bláa Lónið og sætaferð sem og matarupplifun á LAVA. Hlutfall þeirra sem bóka á netinu fer hækkandi. Sérstök áhersla er lögð á að kynna þennan möguleika fyrir gestum og hvetja þá til að bóka heimsókn sína með fyrirvara.



WE LOOK FORWARD TO WELCOMING YOU
PRE-BOOKING IS REQUIRED

Blue Lagoon has limited availability
Book your visit at www.bluelagoon.com

BLUE LAGOON
ICELAND

Samfélagsmiðlar Bláa Lónsins gegna einnig mikilvægu hlutverki í markaðssamskiptum. Fjöldi notenda hefur aukist jafnt og þétt. Á Facebook síðu Bláa Lónsins eru 43.000 fylgjendur og hefur þeim fjölgað töluvert frá árinu 2013 þegar þeir voru 25.000.

Fyrirtækið nýtir einnig samskiptamiðlana Instagram, Twitter og Tripadvisor. Kostir samskiptamiðla eru einkum þeir að miðlarnir bjóða upp á bein og gagnvirk samskipti við viðskiptavinum og aðra þá sem hafa áhuga á Bláa Lóninu og starfsemi þess.

Fylgjendur í apríl 2015:

Facebook: 43.000

Instagram: 6.500






Twitter: 8.500


Bláa Lónið hefur fengið margar góðar umsagnir á Facebook og er meðalstjörnujöf 4,8 af 5.

5.511 umsagnir hafa verið skrðar á Tripadvisor og er Bláa Lónið með meðalstjörnujöf 4,8 af 5.

Notendur eru einnig duglegir að deila fallegum og skemmtilegum myndum frá heimsókn sinni.


70.000 manns hafa skrð heimsókn sína í Bláa Lónið á Facebook.

- 
Stalo Michael — 5★ Just spent 2 hours bathing with 200 strangers in the most amazing natural lagoon you'll ever see
 Like · Comment · about 4 months ago
- 
Penelope Peavler — 5★ The Blue Lagoon is amazing! The silica mud exfoliation makes your skin radiant. The most unexpected result was the dramatic healing of a surgical scar on my forearm. A few more dips and I feel it would be completely gone. My 9 year old daughter says she's getting married in Iceland at the Blue Lagoon!
 Like · Comment · about 6 months ago
- 
Liam Wincott — 5★ Fantastic! Feel Privileged! 6 out of 5 star.
 Like · Comment · about 3 months ago
- 
Darren Farrelly — 5★ A must visit if travelling to Iceland and don't forget to have lunch or dinner in the lava restaurant as food is 5 star.
 Like · Comment · about 3 weeks ago
- 
Natasha Childs — 5★ I hope heaven is as amazing as Blue Lagoon!
 Like · Comment · about a month ago



ALMANNATENGSL

Á ári hverju heimsækja um 500 alþjóðlegir fréttamenn Bláa Lónið. Skrif þeirra byggja á upplifun þeirra af heimsókn í Bláa Lónið og gefa því öðrum gestum raunhæfar væntingar. Umfjöllun fjölmiðla hefur verið jákvæð og sýna erlendir miðlar Bláa Lóninu almennt mikinn áhuga. Margir miðlar koma hingað til lands á eigin vegum. Þá koma fjölmargir í samvinnu við Íslandsstofu og íslensku flugfélögin og einnig erlend flugfélög sem fljúga til Íslands. Bláa Lónið hefur einnig lagt áherslu á samstarf við hátíðir og viðburði sem laða til sín erlenda fjölmiðla t.d. Iceland Airwaves, HönnunarMars og Reykjavík Fashion Festival og hafa blaðamenn þessara hátíða heimsótt Bláa Lónið.



ÞRÓUN MYNDMERKIS (LOGO)

BLUE LAGOON ICELAND

Á undanförunum tveimur áratugum hefur myndmerki (logo) Bláa Lónsins þróast í takt við starfsemi fyrirtækisins. Innleiðing á nýju myndmerki er nú hafin.

Merkið byggir á grunni eldra merkis sem samanstendur af orðunum Blue Lagoon Iceland. Nýja merkið ber með sér meiri mýkt en það eldra og þá fær Blue Lagoon hluti merkisins meira vægi en Iceland hlutinn. Hönnun merkisins var í höndum hönnunarfyrirtækisins, Design Group Italia.



Nokkur dæmi um hugsanlega notkun merkisins í framtíðinni.

SAMFÉLAGSVERKEFNI



Lukkudýrið Blossi var með í för þegar samstarfssamningur Bláa Lónsins og ÍSÍ vegna Smáþjóðaleikanna 2015 var undirritaður.



Samfélagsábyrgð

Samfélagsábyrgð er mikilvægur þáttur í starfsemi Bláa Lónsins. Félagið gekk til liðs við Festu, samtök um samfélagsábyrgð fyrir liðlega ári síðan. Í raun má segja að samfélagsábyrgð hafi gegnt mikilvægu hlutverki í starfsemi Bláa Lónsins allt frá stofnun félagsins. Að ganga til liðs við Festu var skref í að gera samfélagsábyrgð að enn mikilvægari þætti í starfsemi Bláa Lónsins. Virðing í umgengni við náttúru svæðisins, umhverfismál og samfélagsverkefni eru nokkur af mörgum verkefnum er snerta samfélagsábyrgð.

Íþrótt- og æskulýðsstarf í heimabyggð

Bláa Lónið hefur um árabil stutt við íþrótt- og æskulýðsstarf í heimabyggð. Árlega eru gerðir 30 samningar við íþróttafélögin í öllum sveitarfélögum á Reykjanesi, Garði, Grindavík, Reykjanesbæ, Sandgerði og í Vogum. Styrkirnir eru í formi vetrarkorta í Bláa Lónið. Bláa Lónið styður einnig við alla golfklúbbana á Suðurnesjum.

Reykjanesgöngur–700 þátttakendur sumarið 2014

Reykjanesgöngur sem eru skipulagðar gönguferðir um Reykjanesið hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Bláa Lónið kostar göngurnar ásamt HS Orku hf. og HS Veitum hf. Sumarið 2014 tóku 700 manns þátt í göngunum.

Íþróttafélag fatlaðra

Frá árinu 2012 hefur Bláa Lónið verið á meðal styrktaraðila Íþróttafélags fatlaðra. Árlega er haldinn árdegisverður til styrktar og heiðurs íþróttafélags fatlaðra. Árangur íþróttamanna Íþróttafélags fatlaðra hefur vakið athygli hér heima og erlendis. Samstarfssamningurinn gildir fram yfir Ólympíumót Fatlaðra sem haldið verður í Ríó í Brasilíu árið 2016.

Menningarmál

Bláa Lónið er á meðal styrktaraðila stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Þá er Bláa Lónið aðalbachjarl Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Menningarhátíðir á Reykjanesi hafa einnig notið stuðnings Bláa Lónsins.

Smáþjóðaleikar 2015

Bláa Lónið var á meðal gull samstarfsaðila Smáþjóðaleikanna sem voru haldnir á Íslandi dagana 1.-6. júní sl. Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins, Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ og Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, skrifuðu undir samstarfssamning þann 16. mars síðastliðinn og fór undirritunin fram í Bláa Lóninu.

Sólheimar

Bláa Lónið styður við starf Sólheima í Grímsnesi. Sólheimar hafa lagt metnað sinn í að byggja upp mjög fjölbreytta atvinnustarfsemi, þar sem hver einstaklingur hefur tækifæri til að vinna krefjandi og spennandi verkefni.

Björgunarsveitin Þorbjörn

Bláa Lónið hefur um árabil átt í góðu samstarfi við björgunarsveitina Þorbjörn í Grindavík og er á meðal styrktaraðila sveitarinnar.

Blái herinn

Fyrirtækið hefur um árabil styrkt Bláa herinn sem hefur unnið ötult starf við hreinsun strandlengjunnar.



Uppbygging golfvallarins í Grindavík

Bláa Lónið, Grindavíkurbær og Golfklúbbur Grindavíkur munu standa saman að breytingum og uppbyggingu á Húsatóftavelli.

Markmið verkefnisins er að styrkja stöðu Grindavíkur sem áfangastað fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Með breytingunum verður Húsatóftavöllur í fremstu röð 18 holu golfvalla á Íslandi. Ljóst er að með breytingunum verður til spennandi valkostur fyrir innlenda og erlenda ferðamenn sem vilja heimsækja Grindavík. Sveitarfélagið mun styrkja stöðu sína í

ferðþjónustu og þá sérstaklega hvað það varðar að höfða til ferðamanna sem leita eftir miklum gæðum og upplifun.

Bláa Lónið mun fjármagna framkvæmdir á golfvöllinum á árunum 2015-2017 fyrir allt að 40 milljónir króna með virðisaukaskatti. Bláa Lónið mun einnig kynna golfvöllinn í Grindavík sérstaklega í markaðs- og kynningarefni Bláa Lónsins. Bláa Lónið hefur nú hafið framkvæmdir við stækkun upplifunarsvæðis og byggingu nýs lúxus hótels. Golfvöllurinn verður liður í að hvetja gesti til að njóta upplifunar á svæðinu og auka fjölda gesta Bláa Lónsins sem heimsækir Grindavík.



UMHVERFISMÁL

Starfsemi Bláa Lónsins byggir á nýtingu auðlindastrauma frá jarðvarmaorkuveri HS Orku í Svartsengi. Við uppbyggingu sem og í daglegri starfsemi er áhersla á virðingu við umhverfið og auðlindina.

Veitingasvið starfar eftir Gámes gæða- og eftirlitskerfinu. Allur lífrænn úrgangur er flokkaður í eldhúsi LAVA og í mótuneyti starfsfólks. Starfsmenn hafa tekið virkan þátt í flokkuninni.

Lífrænn úrgangur er fluttur til Grindavíkur þar sem honum er blandað saman við kurlaðar trjágreinir sem svo brotna niður og verða að frjósömum jarðvegi.

Vakinn, gæða- og umhverfiskerfi ferðaþjónustunnar á Íslandi, er í umsóknarferli og stefnt er að innleiðingu árið 2015.

Bláfáninn


Bláfáninn, sem er alþjóðleg umhverfisviðurkenning, var dreginn að húni í Bláa Lóninu í 12. sinn þann 20. maí 2014.

Bláfáninn er alþjóðleg umhverfisviðurkenning sem veitt er smábátahöfnum og baðströndum og er útbreiddasta umhverfisviðurkenning sinnar tegundar í heiminum. Bláfáninn er veittur fyrir markvissa umhverfisstjórnun, góða þjónustu og vandaða upplýsingagjöf um aðbúnað og umhverfi.

Handhafar Bláfánans þurfa að uppfylla skilyrði er lúta að eftirfarandi þáttum: umhverfisfræðslu og upplýsingagjöf, umhverfisstjórnun, vatnsgæðum, öryggi og þjónustu.

Meginmarkmið verkefnisins er að vernda umhverfi í og við smábátahafnir og baðstrendur og þannig tryggja heilbrigði umhverfisins til framtíðar, auk þess að búa í hagin fyrir komandi kynslóðir. Yfir 4000 staðir í 48 löndum í Evrópu, Suður-Afríku, Marokkó, Túnis, Nýja-Sjálandi, Brasilíu, Mexíkó, Kanada og Karabíska hafinu flagga Bláfánanum.

Bláfánaverkefnið varð til árið 1985 og er undir hatti alþjóðlegru umhverfismenntasamtakanna Foundation for Environmental Education (FEE). Landvernd hefur verið fulltrúi FEE á Íslandi frá árinu 2001 og Bláfánaverkefninu var hleypt af stokkunum árið 2002.



MANNAUÐUR

Hjá Bláa Lóninu störfuðu 256 manns á árinu 2014. Samheldinn hópur fólks með breiðan bakgrunn, verkfræði, tæknifræði, iðnmenntun, leiklist, hjúkrun, læknisfræði, lyfjafræði, efnafræði, viðskiptafræði, fjölmiðlafræði, matreiðslu, framreiðslu, ferðamálafræði, snyrtifræði og fleira.

Góður hópur starfsmanna bætist í hópinn yfir sumarmánuðina. Sumarið 2014 voru 120 starfsmenn ráðnir í sumarafleysingar og hafði um helmingur þeirra starfað áður hjá Bláa Lóninu í sumarafleysingum.

Fræðsla

Öflugt fræðslustarf var í Bláa Lóns skólanum á árinu 2014. Allir starfsmenn fá reglulega skyndihjálparfræðslu sem samræmist kröfum Rauða Krossins. Að auki eru reglulegar öryggisæfingar til að viðhalda þekkingu og hæfni starfsmanna til að takast á við óvæntar upptakomur.

Boðið er upp á fjölbreytt námskeið til að efla starfsmenn í starfi. Nýtt sölu- og þjónustunámskeið fékk góðar viðtökur á meðal starfsfólks. Nýliðakynning er haldin á



vorin og er markmið hennar að nýir starfsmenn kynnist sem flestum hliðum fyrirtækisins.

Öflug lífsheild-ferðalög, fjallgöngur og hlaup

Um sextíu starfsmenn og makar þeirra, eða nánir fjölskyldumeðlimir, gengu á Hvannadalshnjúk þann 24. maí 2014. Í aðdraganda þessarar ferðar og sem undirbúning fyrir gönguna tóku margir þátt í vikulegum æfingagöngum um fjöll á Reykjanesi og í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Alls voru farnar 19 æfingagöngur undir leiðsögn Ólafs Sveinssonar, framreiðslumeistara á LAVA.

Fyrirtækið bauð starfsmönnum og mökum þeirra að taka þátt í Reykjavíkumaraþoninu sl. sumar og tóku 50 manns þátt í hlaupinu á vegum Bláa Lónsins.

Þá var fastráðnum starfsmönnum og mökum þeirra boðið í vorferð, þar sem þátttakendur gátu valið um mismunandi ferðir, svo sem hjólaferð, gönguferð, kófun og matarupplifun í nágrenni við Hveragerði.

Óhætt er að segja að ferð starfsfólks og maka til London hafi verið einn af hápunktum ársins. Fyrirtækið bauð öllum starfsmönnum ásamt mökum til London sem þakklætisvott fyrir frábær störf í þágu fyrirtækisins á árinu 2014.


VIÐBURÐIR

Sólmyrkvinn

Fjöldi gesta upplifði sólmyrkvann í Bláa Lóninu föstudaginn 20. mars. Gestir sem komu víðsvegar að úr heiminum voru sammála um að einstakt væri að njóta þessa sjaldgæfa viðburðar í Bláa Lóninu, einu af undrum veraldar.



Bláa Lónið útvegaði gestum þar til gerð sólmyrkvagleraugu. Myndina tók Axel Sígurðarson fyrir Reykjavík Grapevine.



Almyrkvi á sólu átti sér stað á Íslandi þann 20. mars 2015 kl. 09:37 að staðartíma.



Moses Hightower voru á meðal þeirra sem spiluðu á Airwaves viðburði Bláa Lónsins.

Airwaves

Uppselt var á Airwaves viðburði Bláa Lónsins þar sem nokkrar af þekktustu hljómsveitum landsins komu fram. Gestir nutu hágæða tónlistar og matar á LAVA og einnig í Bláa Lóninu þar sem plötusnúður sá til þess að ljúf tónlist léki um gesti.

Jónsmessuganga á Þorbjörn

Bláa Lónið hefur um árabíl boðið upp á Jónsmessugöngu í samstarfi við Grindavíkurbæ. Gengið var frá Grindavík upp á fjallið Þorbjörn þar sem þátttakendur nutu útsýnis og tónlistar. Hópurinn endaði í Bláa Lóninu þar sem boðið var upp á lifandi tónlist. Góð þátttaka var í göngunni, en um 200 einstaklingar settu á sig gönguskóna og tóku þátt í þessum árvissa viðburði.

Dj Margeir-ljóðrænir útgáfutónleikar

Útgáfutónleikar þriðju plötunnar í seríunni Blue Lagoon Soundtrack voru haldnir í Bláa Lóninu þann 24. júní. Tónlistarmennirnir Daníel Ágúst Haraldsson, Ólafur Arnalds, Högni Egilsson og Ásdís María Viðarsdóttur komu fram ásamt DJ Margeir. Hann lýsti tónleikunum sem epískum tónleikum. DJ Margeir hefur haldið tónleika í Bláa Lóninu um árabíl. Hann segir stemninguna töfrum líkasta. „Eitthvað óútskýranlegt sem gerist þegar fólk fer í lónið og hlustar á tónlist í umhverfi Bláa Lónsins,“ segir Margeir Ingólfsson.



Blue Lagoon Challenge

Þátttökumet var slegið í fjallahjólakeppninni The Blue Lagoon Challenge eða Bláa Lóns þrautinni sem haldin var í nítjándá sinn þann 7. júní 2014, en ríflega 600 keppendur fóru 60 km langa keppnisleiðina í blíðskaparveðri.

Hjólað var frá Hafnarfirði um Krýsuvíkurveg, inn Djúpavatsleið, vestur Suðurstrandarveg og svo í endamarkið sem var við Bláa Lónið. Fjölmarginir erlendir þátttakendur lögðu leið sína til Íslands til að taka þátt í keppninni að þessu sinni og voru aðstæður til keppni frábærar, hægur vindur og bjartviðri og keppnisbrautin góð.

Af þeim ríflega 600 keppendum sem tóku þátt í keppninni voru tæplega 500 karlar en yfir 100 konur. Þegar keppnin var fyrst haldin árið 1996 voru keppendur tólf talsins og jókst fjöldinn jafnt og þétt til ársins 2008 en þá voru 129 keppendur. Árið 2009 varð algjör sprenging í hjólasportinu á Íslandi og voru þátttakendur þá um 300 og hefur sú tala nú tvöfaldast.




A scenic landscape featuring a body of water in the foreground, a rocky shore on the right, and hills in the background. The sky is hazy and the overall atmosphere is misty or smoky. The text 'ÁRSREIKNINGUR' is overlaid on the water.

ÁRSREIKNINGUR


LYKILTÖLUR

Velta	EBITDA
6.170m.kr.	2.646m.kr.
Hagnaður eftir skatta	Handbært fé
1.802m.kr.	1.881m.kr.
EBITDA / velta	Net dept. / EBITDA
42,7%	0,67
Eiginfjárhlutfall	Arðsemi eigin fjár
36,3%	60,0%

EBITDA



EIGIÐ FÉ



*ISK/EUR meðalgengi 154,83

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Tilgangur Bláa Lónsins hf. er í fyrsta lagi mótun, kynning og markaðssetning á ferða- og heilbrigðisþjónustu við Bláa Lónið til útlendinga og Íslendinga ásamt nauðsynlegri stoðþjónusta, auk nýtingar, skipulagningar og uppsetningar nauðsynlegrar aðstöðu til að sinna framangreindri starfsemi við Bláa Lónið. Í öðru lagi þróun, framleiðsla og markaðssetning, fyrst og fremst til útflutnings á hvers konar heilsuvörum úr hráefnum úr Bláa Lóninu, botnlögum þess eða næsta umhverfi.

Ársreikningur Bláa Lónsins hf. fyrir árið 2014 hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Dótturfélög Bláa Lónsins eru sex, Blue Lagoon Clinic ehf., Blue Lagoon International ehf., Blue Lagoon Travel ehf., Eldvörp ehf., Hótel Bláa Lónið ehf. og Íslenskar heilsulindir ehf.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar árið 2014 nam EUR 11,6 millj. samkvæmt rekstrarreikningi. EBITDA rekstrarársins var EUR 17 millj. eða 43% af veltu (2013: 41%). Samkvæmt efnahagsreikningi nam eigið fé félagsins í árslok EUR 19,4 millj. eða 36% af heildarfjármagni. Stöðugildi hjá félaginu voru 256 í árslok. Í stjórn félagsins eru 40% stjórnarmanna konur.

Samkvæmt samþykktum félagsins er hlutafé þess ISK 800 milljónir og er það allt í eigu hluthafa. Hlutafé er allt útistandandi. Fjöldi hluthafa er óbreyttur frá ársbyrjun og er 58. Eftirtaldir aðilar eru 10 stærstu hluthafarnir í félaginu:

	Eignarhluti
Hvatning slhf.	43,0%
HS Orka hf.	33,0%
Eignarhaldsfélag Hofgarðar ehf.	5,8%
Saffron Holding ehf.	4,4%
M4 ehf.	3,6%
Bogmaðurinn ehf.	3,2%
Sigurður Arngrímsson	1,4%
Bent Frisbæk	0,7%
Ása Brynjólfsdóttir	0,7%
Anna G. Sverrisdóttir	0,6%

Stjórn félagsins telur framtíðarhorfur þess og dótturfélaga bjartar, en félagið er nú eitt lykilfyrirtækja í íslenskri ferðaþjónustu, sem hefur notið mikils vaxtar undanfarin misseri. Helstu ógnanir sem stöðja að rekstrinum eru þær sömu og mundu almennt ógna íslenskri ferðaþjónustu s.s. innlendar náttúruhamfarir, alþjóðleg hryðjuverk eða aðrir slíkir atburðir.

Stjórn félagsins mun leggja fyrir aðalfund tillögu að arðgreiðslu og mun endanleg fjárhæð arðgreiðslu verða ákveðin á fundinum.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2014.

Stjórn og forstjóri Bláa Lónsins hf. staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Grindavík, 13. mars 2015.

Í stjórn félagsins:

Ása Mar

Helgi Magnússon

Auna Skúladóttir

Guðrun Skúladóttir

Forstjóri: *Ólafur Jónsson*

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og hluthafa Bláa Lónsins hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðureikning Bláa Lónsins hf. fyrir árið 2014. Samstæðureikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Valendurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grindavík, 13. mars 2015.

KPMG ehf.



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrartekjur	4	<u>39.849.171</u>	<u>31.768.295</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		4.664.954	4.190.970
Laun og launatengd gjöld	5	11.421.110	9.551.993
Annar rekstrarkostnaður		<u>6.676.078</u>	<u>4.942.179</u>
		<u>22.762.142</u>	<u>18.685.142</u>
EBITDA		17.087.029	13.083.153
Afskriftir	6	<u>(1.359.494)</u>	<u>(1.598.092)</u>
Rekstrarhagnaður		15.727.535	11.485.061
Vaxtatekjur		227.781	110.719
Vaxtagjöld		(1.459.852)	(1.764.734)
Markaðsverðsbreyting verðbréfa		(73.261)	470.904
Gengismunur	3b	<u>21.253</u>	<u>(184.662)</u>
Hreinn fjármagnskostnaður		<u>(1.284.079)</u>	<u>(1.367.773)</u>
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	7	<u>66.843</u>	<u>164.595</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		14.510.299	10.281.883
Tekjuskattur	13	<u>(2.872.238)</u>	<u>(1.965.248)</u>
Hagnaður ársins		<u>11.638.061</u>	<u>8.316.635</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR ÁRSINS 2014

	Skýr.	2014	2013
Eignir			
Rekstrarfjármunir	6	34.954.205	33.181.633
Eignarhlutir í félögum	7	<u>949.200</u>	<u>884.891</u>
Fastafjármunir		<u>35.903.405</u>	<u>34.066.524</u>
Birgðir	8	1.967.474	1.884.088
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	9	1.798.246	1.787.849
Verðbréf	10	1.534.007	0
Handbært fé	3d	<u>12.194.447</u>	<u>8.147.293</u>
Veltufjármunir		<u>17.494.174</u>	<u>11.819.230</u>
Eignir samtals		<u>53.397.579</u>	<u>45.885.754</u>
Eigið fé			
Hlutfé	11	4.714.057	4.714.057
Lögbundinn varasjóður		1.178.514	1.092.846
Þýðingarmunur		(8.862)	(8.862)
Óráðstafað eigið fé		<u>13.521.834</u>	<u>7.969.441</u>
Eigið fé	12	<u>19.405.543</u>	<u>13.767.482</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir	14	23.694.642	23.764.776
Tekjuskattsskuldbinding	13	<u>2.835.951</u>	<u>3.084.096</u>
Langtímaskuldir		<u>26.530.593</u>	<u>26.848.872</u>
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	15	3.034.125	2.541.576
Skattur til greiðslu	13	3.138.695	1.450.837
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	<u>1.288.623</u>	<u>1.276.987</u>
Skammtímaskuldir		<u>7.461.443</u>	<u>5.269.400</u>
Skuldir samtals		<u>33.992.036</u>	<u>32.118.272</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>53.397.579</u>	<u>45.885.754</u>

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRSINS 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		11.638.061	8.316.635
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	1.359.494	1.598.092
Áfallnar verðbætur, vextir og gengismunur		547.509	712.513
Áhrif hlutdeildarféлага		(66.843)	(164.595)
Markaðsverðsbreyting verðbréfa		73.261	(416.417)
Tekjuskattur	13	2.872.238	1.965.248
Veltufé frá rekstri		<u>16.423.720</u>	<u>12.011.476</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting		(83.386)	(915.369)
Skammtímakröfur, breyting		(10.398)	(1.111.932)
Skammtímaskuldir, breyting		<u>(785.519)</u>	<u>1.144.932</u>
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>(879.303)</u>	<u>(882.369)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>15.544.417</u>	<u>11.129.107</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	6	(3.168.008)	(1.571.598)
Keypt verðbréf		(1.727.721)	0
Innleyst verðbréf		130.822	0
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		0	44.312
Söluverð hlutabréfa		0	1.443.472
Breyting á eignarhlut í öðrum félögum		<u>(64.309)</u>	<u>(357.666)</u>
		<u>(4.829.216)</u>	<u>(441.480)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Breyting á eigin hlutabréfum		0	144.271
Greiddur arður		(6.000.000)	(4.400.000)
Afborganir langtímalána	14	(6.531.025)	(1.278.904)
Ný langtímalán		<u>5.862.978</u>	<u>0</u>
		<u>(6.668.047)</u>	<u>(5.534.633)</u>

	Skýr.	2014	2013
<i>Aukning á handbæru fé við kaup á dótturfélögum</i>		0	407.856
<i>Hækkun á handbæru fé</i>		4.047.154	5.560.850
<i>Handbært fé í ársbyrjun</i>		<u>8.147.293</u>	<u>2.586.443</u>
<i>Handbært fé í árslok</i>		<u><u>12.194.447</u></u>	<u><u>8.147.293</u></u>
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Tekin ný langtímalán		19.137.022	0
Uppgreidd langtímalán		(19.137.022)	0
Yfirtekið vegna dótturfélaga		0	727.290
Breyting á viðskiptastöðum tengdra félaga		0	2.525.402

SKÝRINGAR

1. Almennar upplýsingar

Bláa Lónið hf. er með aðsetur á Íslandi og eru höfuðstöðvar félagsins við Norðurljósavegi 9 í Grindavík. Samstæðureikningur félagsins fyrir árið 2014 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem “samstæðunnar” og til einstakra félaga sem samstæðufélaga.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

- a. Grundvöllur matsaðferða**
Samstæðureikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann er gerður á grundvelli kostnaðarverðs.

- b. Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill**
Ársreikningurinn er settur fram í evrum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

- c. Mat og ákvarðanir**
Gerð samstæðureikninga krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og ályktanir því til grundvallar eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem áhrif breytinganna hafa áhrif á.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í samstæðureikningi félagsins.

- a. Grundvöllur samstæðu**
Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður, tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins.

- b. Erlendir gjaldmiðlar**
Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Með erlendum gjaldmiðlum er átt við alla aðra gjaldmiðla en evrur.

- c. Fjármálagerningar**
Fjármálagerningar aðrir en afleiður
Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar, teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki teljast afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru færðir ef samstæðan gerist aðili að sammingsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagernings. Fjáreignir eru felldar út ef sammingsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða þegar samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi þeirra felst. Bókhaldsskráning vegna hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldbindingar eru felldar út úr ársreikningi ef þær skuldbindingar sem skilgreindar eru í samningi falla úr gildi, er vísað frá eða ógiltar.

Í skýringu 3 (j) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

- d. Handbært fé**
Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar innstæður.

- e. Hlutdeildarfélög**
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru eignfærðir á verði sem svarar til hlutdeildar í bókfærðu eigin fé þeirra.

- f. Rekstrarfjármunir**
Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunir, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir
Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað.Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

<i>Byggingar</i>	<i>50 ár</i>
<i>Áhöld, tæki og innréttingar</i>	<i>5 ár</i>

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema þegar um óverulega fjárhæð er að ræða.

- g. Birgðir**
Birgðir af aðkeyptum vörum eru metnar á meðalkostnaðarverði, en framleiðsluvörur eru metnar á meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði.

- h. Virðisrýrnun**
Á hverjum uppgjörstegi er kannað hvort til staðar séu vísbendingar um virðisrýrnun fjáreigna. Eign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið. Virðisrýrnun er færð meðal afskrifta í rekstrarreikning ef bókfært verð eignar er hærra en nýtingarvirði hennar.

- i. Tekjur**
Seldar vörur og veitt þjónusta
Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

Opinberir styrkir
Opinberir styrkir eru tekjufærðir í rekstrarreikning við greiðslu.

- j. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**
Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjáreignum.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og verðbótum af lántökum og öðrum fjármagnskostnaði. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Gengishagnaður og gengistap af eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum er færður nettó sem sérstakur liður í hreinum fjármagnskostnaði.

- k. Tekjuskattur**
Tekjuskattskuldbinding félagsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjör en í ársreikningi. Tekjuskattur á afkomu ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt.

4. Rekstrartekjur

	2014	2013
Bláa Lónið, aðgangur	23.541.196	18.026.007
Veitingasala	8.053.491	6.241.984
Vörusala	6.709.969	5.954.829
Lækningalind	1.400.539	1.445.459
Aðrar rekstrartekjur	143.976	100.016
Rekstrartekjur samtals	39.849.171	31.768.295

5. Starfsmannamál

Laun	8.793.753	7.664.707
Tryggingagjald	792.581	669.808
Lífeyrisiðgjöld	858.171	712.035
Annar starfsmannakostnaður	976.605	505.443
Laun og launatengd gjöld samtals	11.421.110	9.551.993

Meðalföldi starfsmanna á árinu miðað við heilsársstörf 256 225

Laun stjórnar og forstjóra námu samtals EUR 588 þús. á árinu 2014 (2013; EUR 570 þús.).

6. Rekstrarfjármunir

	Baðstaður	Aðrar fasteignir	Aðrir rekstrarfjármunir	Samtals
Heildarverð				
Staða 1.1.2013	29.320.708	7.911.800	3.353.748	40.586.256
Keypt á árinu	1.022.145	27.071	522.382	1.571.598
Viðbót vegna nýrra dótturfélaga	0	0	1.067.720	1.067.720
Selt og niðurlagt á árinu	(44.312)	0	0	(44.312)
Heildarverð 31.12.2013	30.298.541	7.938.871	4.943.850	43.181.262

Staða 1.1.2014	30.298.541	7.938.871	4.943.850	43.181.262
Keypt á árinu	660.335	1.020.250	1.489.469	3.170.054
Selt og niðurlagt á árinu			(2.046)	(2.046)
Heildarverð 31.12.2014	30.958.876	8.959.121	6.431.273	46.349.270

Afskriftir

Staða 1.1.2013	4.967.426	1.161.038	2.260.957	8.389.421
Afskrifað á árinu	772.835	161.496	711.817	1.646.148
Afskrifað 31.12.2013	5.740.261	1.322.534	2.972.774	10.035.569

Staða 1.1.2014	5.740.261	1.322.534	2.972.774	10.035.569
Afskrifað á árinu	802.239	168.114	389.141	1.359.494
Afskrifað 31.12.2014	6.542.500	1.490.648	3.361.915	11.395.063

	Baðstaður	Aðrar fasteignir	Aðrir rekstrarfjármunir	Samtals
Bókfært verð				
31.12.2013	24.558.280	6.616.337	1.971.076	33.145.693
31.12.2014	24.416.376	7.468.473	3.069.358	34.954.207

Afskriftahlutföll 2% 2% 20%

Fasteignamat fasteigna og lóða samstæðunnar nam samtals EUR 11,8 millj. í árslok 2014 (2013: EUR 10,8 millj.) Á sama tíma var váttryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar EUR 32,1 millj. (2013: EUR 31,4 millj.). Váttryggingaverðmæti annarra eigna en fasteigna nam EUR 4,1 millj. í árslok.

7. Eignarhlutir í félögum

Fjárfesting í hlutdeildarfélagi í árslok og eignarhlutur greinist þannig:

	Eignarhlutur	Afkoma 2014	Bókfært verð 2014
Baðfélag Mývatnssveitar hf.	23,43%	66.843	617.883

Eignarhlutir í öðrum félögum er færðir á upphaflegu kostnaðarverði og greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð 2014
Hreyfing ehf.	11,0%	71.859
Gufa ehf.	19,0%	247.122
Önnur félög	-	12.335
Samtals		331.316

8. Birgðir

Birgðir samanstanda af hráefnum og fullunnum vörum sem keyptar hafa verið fullunnar til endursölu.

9. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

	2014	2013
Viðskiptakröfur	1.406.802	1.500.938
Krafa á tengda aðila	121.327	86.997
Aðrar skammtímakröfur	270.118	199.914
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samtals	1.798.247	1.787.849

Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 2014 nemur EUR 31 þús. (2013; EUR 28 þús.).

10. Verðbréf

	2014	2013
Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands	893.310	0
Víxlar skáðir í Kauphöll Íslands	640.697	0
Verðbréf samtals	1.534.007	0

11. Hlutfé

Samkvæmt samþykktum félagsins er hlutfé þess ISK 800 milljónir og er hver hlutur ein króna. Allt útgefið hlutfé er útistandandi.

12. Eigið fé

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Þýðingarmunur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2014	4.714.057	1.092.846	(8.862)	7.969.441	13.767.482
Greiddur arður				(6.000.000)	(6.000.000)
Hagnaður ársins				11.638.061	11.638.061
Lagt í lögbundinn varasjóð		85.668		(85.668)	0
Eigið fé 31.12.2014	<u>4.714.057</u>	<u>1.178.514</u>	<u>(8.862)</u>	<u>13.521.834</u>	<u>19.405.543</u>

13. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:	2014	2013
Fastafjármunir	3.253.885	3.085.237
Yfirfæranlegt tap	(425.944)	(12.259)
Gengismunur	(9.423)	(31.570)
Birgðir	14.495	16.429
Viðskiptakröfur	<u>2.938</u>	<u>26.259</u>
Tekjuskattsskuldbinding	<u>2.835.951</u>	<u>3.084.096</u>

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

Hagnaður ársins		11.638.061	8.316.635
Tekjuskattur ársins		<u>2.872.238</u>	<u>1.965.248</u>
Hagnaður án tekjuskatts		<u>14.510.299</u>	<u>10.281.883</u>

Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20%	2.902.060	2.056.377
Aðrar breytingar	0%	<u>(29.822)</u>	<u>(91.129)</u>
Virkur tekjuskattur	20%	<u>2.872.238</u>	<u>1.965.248</u>

Reiknaður tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi greinist þannig:

Tekjuskattur til greiðslu		3.138.695	1.450.837
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu		<u>(266.457)</u>	<u>514.411</u>
		<u>2.872.238</u>	<u>1.965.248</u>

Virkt skatthlutfall greinist þannig:

Hagnaður fyrir skatta		14.510.299	10.281.833
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall		2.902.060	2.056.377
Ófrádráttarbær kostnaður		200	156.815
Óskattskyldar tekjur		(33.351)	(284.690)
Niðurfærsla skatteignar		47.010	0
Annað		<u>(43.681)</u>	<u>36.746</u>
Virkur tekjuskattur		<u>2.872.238</u>	<u>1.965.248</u>

14. Langtímalán

Langtímaskuldir í árslok greinast þannig:	2014	2013
Skuldir í EUR	24.983.265	19.968.439
Skuldir í ISK	0	5.073.324
Samtals	<u>24.983.265</u>	<u>25.041.763</u>

Á gjalddaga 2015	1.288.623
Á gjalddaga 2016	1.244.968
Á gjalddaga 2017	1.244.968
Á gjalddaga 2018	1.244.968
Á gjalddaga 2019	<u>19.959.738</u>
	<u>24.983.265</u>

Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:

Langtímaskuldir	23.694.642
Næsta árs afborganir	<u>1.288.623</u>
	<u>24.983.265</u>

Til tryggingar skuldum félagsins hafa lánveitendur félagsins veð í fasteignum þess að Norðurljósavegi 5, 7 og 9, sem og lóðum, réttindum og rekstri.

15. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2014	2013
Viðskiptaskuldir	1.204.101	1.149.981
Tengdir aðilar	63.988	6.233
Aðrar skammtímaskuldir	<u>1.766.036</u>	<u>1.385.362</u>
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>3.034.125</u>	<u>2.541.576</u>

16. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélag, félag undir sömu yfirráðum og Bláa Lónið hf. og HS Orka hf.

Stöður við tengda aðila um áramót greinast þannig:	2014		2013	
	Eign	Skuld	Eign	Skuld
Hreyfing ehf.	112.133	0	79.483	4.957
HS Orka hf.	<u>9.194</u>	<u>63.988</u>	<u>7.514</u>	<u>1.276</u>
Samtals	<u>121.327</u>	<u>63.988</u>	<u>86.997</u>	<u>6.233</u>

Krafa við tengda aðila í árslok 2014 er færð meðal viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna samanber skýringu 9.

Viðskipti við tengda aðila á árinu greinast þannig:

	2014	2013
	Sala	Kaup
Hreyfing ehf.	66.473	14.643
HS Orka hf.	108.532	327.971
	Sala	Kaup
	41.173	66
	87.324	230.215

Önnur viðskipti við tengda aðila eru óverulegur þáttur í starfsemi samstæðunnar. Verðlagning í slíkum viðskiptum er sambærileg og í öðrum viðskiptum við ótengda aðila.

Auk þeirra viðskipta við tengda aðila er að framan greinir kaupir Bláa Lónið hf. heitt og kalt vatn og rafmagn af HS Veitum og nam heildarfjárhæð þeirra viðskipta EUR 309 þús. á árinu 2014.

17. Félög í samstæðunni

Í árslok voru dótturfélög Bláa Lónsins hf. í samstæðunni sex, Eldvörp ehf. sem er fasteignafélag, Íslenskar heilsulindir ehf. sem er eignarhaldsfélag um eignarhluti í Baðfélagi Mývatnssveitar hf. og Gufu ehf., Blue Lagoon International ehf. sem er eignarhaldsfélag um Bláa Lónið Heilsuvörur hf. og Blue Lagoon USA, Hótel Bláa Lónið hf., Blue Lagoon Clinic ehf. og Blue Lagoon Travel ehf.

Bókfært verð dótturfélaga sem er fært í samstæðureikninginn greinist þannig:	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eldvörp ehf.	100%	9.922.905
Íslenskar heilsulindir ehf.	100%	776.231
Blue Lagoon International ehf.	100%	100.894
Hótel Bláa Lónið ehf.	100%	(31.496)
Blue Lagoon Clinic ehf.	100%	1.537
Blue Lagoon Travel ehf.	100%	788

Fjárhæðir eru í evrum

18. Önnur mál

- Félagið hefur einkaleyfi til ársloka 2044 frá HS Orku hf. til notkunar jarðhitavökva (Bláa Lóns vökva) í Svartsengi til afþreyingar, heilsuáða, lækninga og einnig til framleiðslu hvers konar húð- og heilsuvara þar sem notuð eru steinefni og lífræn efni jarðhitavökvans. Greiðslur til HS Orku hf. vegna sammingsins voru EUR 273 þús. á árinu 2014 (2013: EUR 224 þús.
- Félagið hefur einkarétt til notkunar vörumerkjanna “Blue Lagoon” og “Bláa Lónið” í öllum vöruflokkum á Íslandi og einnig hefur vörutákn félagsins verið skráð á Íslandi og sums staðar erlendis. Félagið hefur einnig skráð vörumerkið “Blue Lagoon” í flokkum snyrtivara og lyfja á öllum helstu mörkuðum erlendis og sums staðar einnig í flokkum ferðaþjónustu og heilbrigðisþjónustu.
- Rannsókn- og þróunarkostnaður var EUR 550 þús. á árinu og er allur gjaldfærður í rekstrarreikningi. Um er að ræða bæði kostnað sem fellur til innan fyrirtækisins og aðkeypta þjónustu. Meginverkefni ársins eru rannsóknir á áhrifum Bláa Lónsins á psoriasis, rannsóknir á Blue Lagoon hráefnum og þróun nýrra húðvara. Endurgreiðsla R&D kostnaðar frá Ríkissjóði Íslands vegna skattaávilnunar nam EUR 125 þús.
- Umsókn Bláa Lónsins um einkaleyfi á snyrtivörum og lyfjum með sérstökum blágrænþörungum hefur verið samþykkt af bandarísku einkaleyfastofunni og hefur bandarískt einkaleyfi verið gefið út. Númer einkaleyfisins er US 8,795,679. Í einkaleyfinu felst viðurkenning á þróunarstarfi Bláa Lónsins og nýnæmi og uppfinningagildi varanna, en í einkaleyfinu er gert grein fyrir niðurstöðum tilrauna sem vísindamenn Bláa Lónsins unnu í samvinnu við erlenda sérfræðinga og sýna fram á virkni blágrænþörungna úr Lóninu.

Samsvarandi umsókn var enn til meðferðar hjá evrópsku einkaleyfastofunni í árslok 2014. Í janúar 2015 var hún samþykkt.

“Einkaleyfin lúta að notkun kísils annars vegar og þörungna hins vegar í snyrtivörur og lyf. Grunnumsóknir voru lagðar inn á Íslandi 2006. PCT umsóknir (alþjóðlegar umsóknir) voru lagðar inn 2007. Árið 2008 voru þær færðar yfir í landsbundið ferli og lagðar inn umsóknir í EPO og US þar sem þær eru nú til skoðunar.“

19. Lykilstærðir

	2014	2013	2012	2011
EBITDA / Velta	42,8%	41,2%	41,0%	36,3%
Eiginfjárhlutfall	36,3%	30,0%	24,4%	23,7%
Langtímaskuldir-handbært fé / EBITDA	0,67	1,19	2,10	3,31
Veltufjárhlutfall	2,34	2,24	1,77	1,43





Upplag
100 eintök

Hönnun og uppsetning
Sigrún Sæmundsen

Prentun
Svansprent

Bláa Lónið hf.
240 Grindavík
www.bluelagoon.is
©2015